

# Authorised representative/ Viðurkenndur fulltrúi

## Authorised representative

Appointment of an authorised representative is a requirement for those who produce and sell electrical and electronic equipment (EEE) by means of distance communication directly to private households or to users other than private household in another EEA country according to directive 2012/19/EU, implemented by Icelandic regulation No. 1061/2018.

- The authorised representative shall be responsible for fulfilling the producer's responsibilities under Directive 2012/19/EU.
- The appointment of an authorised representative must be with the written mandate of the foreign party.
- It is preferred that the appointment process includes a commercial contract between an Icelandic entity and a foreign manufacturer. The Icelandic entity must be a natural or legal entity established in Iceland.

On the website of the Environment Agency, you can find [Skráningarform](#) to register an authorised representative and an overview of the responsibilities of importers and producers.

## Recycling fee

- Is imposed on all electrical and electronic devices when imported or produced in Iceland.
- Covers the collection and recycling of EEE.
- Is used as a basis for the Environmental Agency's registration system for producers and importers of electrical and electronic equipment, as well as batteries and accumulators.

## Importers and producers are responsible to:

- Be registered in at the Environment Agency (companies responsible for importing EEE products to Iceland are automatically registered through customs).
- Give consumers directions on how and where to discard of the product properly, when it has become waste, as well as to point out to buyers

that the return of electronic devices is free of charge and that such devices may contain hazardous substances with potential effects on the environment and human health.

- In retail shops where the EEE sales area is at least 400 m<sup>2</sup> shall receive small electrical and electronic devices, with no external dimension exceeding 25 cm, free of charge and without conditions.
- Mark the EEE with the symbol of crossed-out wheeled bin.
- Give information to those that handle WEEE on how to dismantle the product and about the correct handling of it.

## Viðurkenndur fulltrúi

Tilnefning viðurkennds fulltrúa er krafa fyrir þá sem framleiða og selja raf- og rafeindatæki á netinu beint til notenda í öðru EES-ríki skv. tilskipun 2012/19/ESB, sem innleidd hefur verið með reglugerð nr. [1061/2018](#) um raf- og rafeindatækjaúrgang.

- Viðurkenndi fulltrúinn skal vera ábyrgur fyrir því að uppfylla skyldur framleiðandans samkvæmt tilskipun 2012/19/ESB.
- Skipun viðurkennds fulltrúa skal vera með skriflegu umboði erlenda aðilans.
- Æskilegt er að skipunarferlið innihaldi viðskiptasamning milli íslensks aðila og erlends framleiðanda. Íslenski aðilinn skal vera lögaðili eða einstaklingur með staðfestu á Íslandi.

Á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar er að finna eyðublað til að skrá viðurkenndan fulltrúa, sem og yfirlit yfir ábyrgð innflytjenda og framleiðenda.

## Úrvinnslugjald

- Er lagt á öll raf- og rafeindatæki við innflutning eða framleiðslu hérlendis.
- Stendur undir söfnun og endurvinnslu tækjanna.
- Nýtist sem grunnur að skráningarkerfi Umhverfisstofnunar yfir framleiðendur og

innflytjendur raf- og rafeindatækja, sem og raf-hlaða og rafgeyma.

### **Innflytjendur og framleiðendur eru ábyrgir fyrir því**

að:

- Vera skráðir í skráningarkerfi hjá Umhverfis-stofnun (innflytjendur eru sjálfkrafa skráðir í gegnum Tollgæsluna en framleiðendur þessara vara þurfa að skrá sig hjá Skattinum).
- Upplýsa kaupendur um að úrsérgengnum raf- og rafeindatækjum eigi að skila til endurvinnslu eða hvetja kaupendur til endurnotkunar og endurnýtingar á þeim, sem og að benda kaupendum á að skil á raftækjum eru gjaldfrjáls og að slík tæki geti innihaldið hættuleg efni fyrir umhverfið, menn og dýr.
- Í verslunum þar sem sölusvæði raf- og rafeindatækja er a.m.k. 400 m<sup>2</sup> skal tekið á móti litlum raf- og rafeindatækjum, með ekkert ytra mál yfir 25 sm, án endurgjalds og skilyrða.
- Merkja raf- og rafeindatæki (sjálfa vöruna) með tunnumerkini (yfirstrikuð sorptunna).
- Framleiðendur raf- og rafeindatækja sem selja beint til notenda í öðru ríki skulu tilnefna viðurkenndan fulltrúa í því ríki.